



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 15. apríl klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Ívar Hauksson, Hákon Leifsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Ársreikningur Fáks 2024**

Kynntur er ársreikningur félagsins fyrir árið 2024.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

### **2. Faxaból 12**

Óskað var eftir verðmati hjá fasteignasölu Garðatorgi á lóð við Faxaból 12. Niðurstaða verðmatsins er 2 milljónir króna. Stjórn fellst á verðmatstillöguna og það gera einnig hlutaðeigandi aðilar í Faxabóli 12. Framkvæmdastjóra er falið að útbúa samning um sölu lóðarinnar og kynna kaupendum.

Við undirskrift samningsins fellst stjórn á þær framkvæmdir sem eigendur hesthúss við Faxaból 12, Sveinn Ragnarsson og Guðrún Edda Bragadóttir, hafa kynnt stjórn með þeim fyrirvara að framkvæmdin fái samþykki skipulagsyfirvalda í Reykjavík.

### **3. Erindi vegna D-tröð 4 í Víðidal**

Kynnt er erindi frá Guðmundi Gíslasyni eiganda hesthúss í D-tröð 4. Hefur hann hug á að stækka húsið yfir taðþró eins og fordæmi eru fyrir úr Víðidal.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við hugmyndir bréfitara um að bæta aðstöðu sína í D-tröð þar sem fyrir liggja fordæmi fyrir sambærilegar framkvæmdir í Víðidal. Þá er gerður sá fyrirvari að framkvæmdin fái samþykki skipulagsyfirvalda í Reykjavík.

### **4. Önnur mál**

Fram undan strax eftir Páska eru þrjár viðburðir í viðburðadagatalinu.

24. apríl, sumardaginn fyrsta, eru 103 ár frá stofnun hestamannafélagsins Fáks. Þá fer einnig fram Firmakeppni Fáks og seinnipartinn verður Bingó æskulýðsdeildar í veislusalnum reiðhöllinni.

26. apríl koma Harðarmenn í heimsókn. Boðið verður upp á veitingar í anddyri reiðhallarinnar.

29. apríl fer fram aðalfundur Hmf. Fáks.

6. maí verður hreinsunardagur Fáks sem hefst venju samkvæmt klukkan 17:00 og lýkur með grilli.

**Fundi slitið 18:25.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**